


Úrkoma og snjóalög

Markmið þessara rannsókna er að rannsaka vatns- og snjóbúskap hálandisins

Árið 1979 var eitt hið kaldasta á síðustu öld. Vatnsskortur blasti við í lónum á fyrstu stóru virkjanasvæðunum. Í kjölfarið hófust markvissar rannsóknir á úrkому og dreifingu hennar á hálandi. Á þessum tíma var þróun sjálfvirkra athuganastöðva á frumstigi og kostnaðarsamt að halda úti mönnuðum athugunum. Það var þó gert fyrir tilstuðlan Raflínunefndar um fimm ára skeið í Sandbúðum 1973-1978 og áður níu mánuði í Nýjabæ vegna forkönnunar á aðstæðum fyrir raflinu yfir hálandið. Sandbúðir ásamt Hveravallastöðinni hafa allar götur síðan verið lykill að gæðaeftirliti gagna frá sjálfvirkum stöðvum og rannsóknum á veðurfari hálandisins. Upp úr 1980 setti Orkustofnun upp nokkrar sjálfvirkar stöðvar á hálandinu sem unnið hefur verið úr en samfelldar tímaraðir hita, winds, brýstings og raka verða ekki til fyrr en upp úr 1993 og á síðustu árum einnig fyrir úrkому og snjódýpt.


Í samstarfi við Landsvirkjun hefur Veðurstofan þróað aðferðir til úrvinnslu sjálfvirkra úrkumumælinga. Mælingar á úrkumu eru mjög staðbundar og viðkvæmar fyrir veðri og vindum. Á öllum stöðvum Landsvirkjunar eru úrkumumælar af gerðinni Geonor.



Ársúrkoma á sjálfvirkum stöðvum Landsvirkjunar

Tímaraðir uppsafnaðrar úrkumu á sólarhringsgrundvelli eru reiknaðar með þær til gerðum hugbúnaði. Þær sýna ívið minni úrkumu en mannaðar stöðvar þær sem samanburði verður við komið. Ársúrkoma norðan jöklar er 350-500 mm en meiri úrkoma er sunnan þeirra. Að öllum líkendum er úrkoman við Setur árið 2000 of mikil en þá fór mælirinn á kaf í snjó og þá skafið að honum.

Snjódýptarmælir er við Setur og í Veiðivatnahrauni. Sá mælir er hljóðvarpsmælir.




Snjódýpt í Veiðivatnahrauni

Suð og ýmsir erfiðleikar fylgja sjálfvirkum úrkumu- og snjódýptarmælingum. Orsakir geta verið margvislegar s.s. í mæliaðferðum og vegna veðurs. Snjór truflar mælingar með ýmsum hætti m.a. kemur fyrir að mælar fara á kaf í snjó á veturnar. Mikil veðurhæð veldur titringi og mælar „frjósa“ fastir í Isingaveðrum.




Úrkumumælir við Setur á kaf í snjó (mars 2000). Óp mælisins er í 2 m hæð yfir jörðu á sumrin.



Snjódýpt við Setur

Á Hveravöllum hefur snjódýpt verið mæld á 35-38 stíkum frá árinu 1966. Þessar mælingar eru þær einu sinnar gerðar á landinu og mjög mikilvægar við rannsóknir á snjóalögum og veðurfari. Snjólétt hefur verið síðustu fjóra vetrar en minnstur var snjóinn veturinn 1976-1977 en veturinn áður var hann hvað mestur.



Snjóalög á Hveravöllum 1966-2002

Landsvirkjun kemur að þessu verkefni með fárstuðningi við þróun úrvinnsluaðferða, gæðaeftirliti og, rannsóknum á veðurfari.

Á Úrvinnslu- og rannsóknasviði VÍ koma 2-4 að verkefninu. Tvisvar í viku er unnið úr nokkrum stöðvum fyrir rennslislíkön LV og mánaðarlega eru daggildi afhent LV.